

Aukafundur í skólaráði - 3. fundur

17.janúar 2011

Mætt eru: Guðlaug Ósk. Edda, Gróa, Hrönn, Alda Hulda Sóllilja, Þóranna og Þórhildur. Árni Jón var upptekinn og Heba svaraði ekki fundarboði.

1. Umræða um nemendafjölda, þróun á honum. Rætt um samstarf við Krikaskóla, Lágafellsskóla og FMOS. Rætt um viðhorf til Fmos. Vitað er að krakkarnir sem þar stunda nám eru almennt ánægð.
2. Fjárhagsáætlun rædd á fundinum. Farið yfir hvar dregið er saman og rætt um að skólastjórar eigi eftir að fara í þessa umræðu með starfsfólkinu sínu til að leita að hagræðingarmöguleikum. Edda ræddi um að stofnanirnar eins og félagsmiðstöðin gæti komið meira inn til að ná hagræðingu með skólunum, auka samstarf. Þórhildur ræddi um að gott samstarf er við Félagsmiðstöðina og gott að hafa hana hér í túnfætinum. Hulda ræddi um hvort skólinn gæti leitað eftir vinatengslum við fyrirtæki sem gætu stutt við skólann.
3. Búið er að skipta upphæð til verkgreinakennara þannig að þeir séu með ábyrg innkaup. Þannig vonumst við til að ná fram hagræðingu.
4. Verkefni eins og lífsleikniverkefnið Raunveruleikabarnið kostar mjög mikið og það er að þakka að lífsleiknikennari skólans náði að leita styrkja til að geta kostað þetta verkefni.
5. Spurt var hvort úrræði séu fyrir heimili sem ekki hafa efni á að greiða í mótuneytið. Fjölskyldudeild Mosfellsbæjar er með hóp sem leitar lausna fyrir þennan hóp.
6. Guðlaug Ósk nefndi að nú væri það nemenda og starfsfólk að vinna saman að fara vel með hlutina. Hulda nefndi að margir foreldrar vildu fá bara verkefni send í tölvupósti sem þau gætu þá prentað út í stað þess að skólinn gerði það. Mætti skoða að sumir foreldrar vildu það frekar en aðrir vildu fá útprentun. Þórhildur nefndi að nú á að prófa að senda einkunnir út rafrænt.
7. Alda spurði hvort mikið sé um tvítyngd börn í skólanum, bæjarfélaginu. Skólastjórar nefndu að það séu ekki mörg börn í bæjarfélaginu sem eru tvítyngd. Í yngri deildinni eru þrjú erlend börn og fá kennslu í sínu móðurmáli tvisvar sinnum í viku. Í eldri deildinni er meira um börn sem hafa verið búsett hér í lengri ár.
8. Umræðum um fjárhagsáætlun lokið, skólaráðið treystir á að skólastjórar og starfsfólk nái fram hagræðingu þannig að gott skólastarf verði áfram við Varmárskóla.

Fleira ekki tekið fyrir,
Þóranna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerðina